

Fundargerð.
Stjórnarfundur nr. 116.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í fjarfundi gegnum Teams föstudaginn 12. apríl kl. 11.00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Sveinn F. Úlfarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Snorri Finnlaugsson og Pétur Arason. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs. Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkaskipting stjórnar
2. Staða og horfur, heimild til móttöku á takmörkuðu magni úrgangs utan þjónustusvæðis Norðurár bs.
3. Grænt bókhald
4. Stækkun urðunarhólfs
5. Önnur mál

Fundargerð:

1. Verkaskipting stjórnar

Samþykkt tillaga formanns um óbreytt fyrirkomulag. Stjórn samþykkir samhljóða að Magnús B. Jónsson sé áfram formaður stjórnar, Hrefna Jóhannesdóttir ritari og Sveinn Úlfarsson meðstjórnandi. Snorri Finnlaugsson er tilnefndur áfram sem áheyrnarfulltrúi fyrir Flokkun Eyjafjarðar og Pétur Arason fyrir Húnabyggð.

2. Staða og horfur, heimild til móttöku á takmörkuðu magni úrgangs utan þjónustusvæðis Norðurár bs.

a) Fyrsti ársfjórðungur gefur til kynna að umfang almenns sorps til urðunar sé á niðurleið. Magn af kurli er sömuleiðis á niðurleið og ef fram heldur sem horfir þá mun Norðurá þurfa að leita annarra leiða til þess að uppfylla eigin eftirspurn á timburkurli.

Umræða fór fram um urðun á heyrúlluplasti þar sem fram kom að nokkuð magn af slíku plasti berst til urðunar. Það er með öllu

óviðunandi að mati stjórnarmanna að verið sé að urða efni sem til sé vel skilgreindur farvegur fyrir og eftirspurn er eftir hjá rekstraraðilum endurvinnslufyrirtækja. Stjórn sendir því brýningu til allra aðildarsveitarfélaga að þau fylgist vel með uppruna og umfangi á sorpi til urðunar og leiti allra leiða til þess að draga úr urðun og auka endurvinnslu. Elvari falið að taka saman hvaðan heyrúlluplast er að berast og hvaða skýringar kunni að vera á því.

b) Lagðar fram til umræðu tillaga um *reglur um móttöku úrgangs frá öðrum upprunasvæðum til urðunar í Stekkjarvík*. Miklar og góðar umræður fóru fram um reglurnar, framtíðarsýn Norðurár bs varðandi móttöku á sorpi frá öðrum upprunasvæðum en skilgreinds þjónustusvæðis og margvísleg áhrif þess á sjálfbæran rekstur urðunarstaðarins.

Stjórn var sammála um að opna fyrir móttöku á timburkurli og veitti rekstrarstjóra heimild til þess og að hafa stjórn á því magni sem berst með þeim hætti.

Stjórn fól formanni og rekstrarstjóra að vinna frekari skilgreiningar á hvaða aðra úrgangsflokka sé ástæða til að ræða í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir stjórn síðar en að svo komnu máli var ekki vilji til að opna fyrir móttöku á öðrum úrgangi með uppruna utan þjónustusvæðis en umræddu timburkurli.

3. Grænt bókhald

Lagt fram til umræðu og samþykktar Grænt bókhald Norðurár bs. Samkvæmt reglugerð nr. 851/2002, ber fyrirtækjum sem færa grænt bókhald að senda útgefanda starfsleyfis (UST) skýrslu fyrir viðkomandi bókhaldsár eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti grænt bókhald Norðurár bs. fyrir bókhaldsárið 2023 og mun undirrita það rafrænt þegar endurskoðandi félagsins hefur áritað bókhaldið. Fram kom einnig að Norðurá bs sendir árlega inn sérstakt „Útstreymisbókhald“ sem er

unnið af verkfræðistofunni Eflu. Útstreymisbókhaldið er sömuleiðis í vinnslu enda skilafrestur á því 1. maí ár hvert.

4. Stækkun urðunarhólfs

Lagt fram minnisblað frá STOÐ efh varðandi magnbreytingar á hliðarþéttingum og lagnakerfi í botni urðunarhólfsins. Breytingar á verkinu hafa verið lagðar fyrir verktaka sem mun hefja framkvæmdir strax og frost er farið úr jarðvegi í hólfinu. Málið var til kynningar.

5 Önnur mál

Magnús fór yfir stöðu áskorunar sem aðalfundur Norðurár bs 2024 beindi til Umhverfisstofnunar (UST) og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins (URN) um veitingu tímabundins leyfis til móttöku á úrgangi úr oliuskiljum og sandföngum. Bréf þess efnis var sent UST 20. mars sl. og URN afrit. Aðalfundurinn fól stjórn sömuleiðis að vinna að úrvinnslu lausna í samstafi við aðra hagaðila. Heilbrigðiseftirlit NV hefur brugðist við kallinu og sent inn erindi til bæði URN og UST en óttast er að þessi mengaði úrgangur endi „einhvers staðar“. Fram kom að ekki hafa komið svör eða önnur viðbrögð frá Umhverfisstofnun vegna málsins en erindið hafi verið ítrekað.

Engin önnur mál rædd og fundi slitið klukkan 12.20

Hrefna Jóhannesdóttir

Sveinn F. Úlfarsson

Magnús B. Jónsson

Snorri Finnlaugsson

Pétur Arason